

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1972

12. janúar 1972.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Fiji.

Með erindaskiptum í London hinn 15. desember 1971 var gengið frá gagnkvæmu samkomulagi milli Íslands og Fiji um afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn miðað við allt að þriggja mánaða dvöl.

Samkomulagið gekk í gildi hinn 1. janúar 1972.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. janúar 1972.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

25. janúar 1972.

Nr. 2.

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um samvinnu á sviði menningarmála.

Hinn 8. desember 1971 var utanríkisráðuneyti Finnlands afhent fullgildingarskjal Íslands varðandi Norðurlandasamning um samvinnu á sviði menningarmála, sem undirritaður var í Helsingfors hinn 15. marz 1971. Samningurinn gekk í gildi hinn 1. janúar 1972.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. janúar 1972.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.